

132. fundur skráningarráðs haldinn 16. ágúst 2022 kl. 11:30-12:15 í fundarherbergi Landskerfis bókasafna og á Teams.

Mættar voru: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

Dagskrá:

1. Fundargerð lesin og samþykkt
2. Skráningarheimildir - tillaga frá Sigrúnu

Tillagan snýst um að forsenda til að fá skráningarheimild verði breytt þannig að ekki sé lengur nauðsynlegt að vera bókasafns- og upplýsingafræðingur. Heldur verði gerð krafa um að nýir skrásetjarar hafi sótt og staðist námskeið í „flokkun og skráningu“ í Háskóla Íslands eða sambærileg námskeið sem t.d. eru í boði hjá ALA (American Library Assosiation) <https://www.ala.org/core/fundamentals-cataloging>.

Ekki er víst að námskeið hjá erlendum aðilum henti Íslendingum.

Í haust verður námskeiðið Skipulag þekkingar kennt í Háskóla Íslands, þar er um að ræða skráningu, flokkun og lyklun í einu námskeiði. Til að sækja það námskeið þurfa þátttakendur að skrá sig í HÍ og borga skráningargjald.

Heppilegra væri ef Endurmenntun gæti boðið upp á þetta námskeið, Hallfríður ætlar að athuga þann möguleika.

3. Alma

Það á eftir að leysa ýmis vandamál í Ölmum, s.s. rafræna efnið og greinifærslur. Verkferlar í skráningu eru ekki allir tilbúnir.

Á næstu vikum verður boðið uppá hraðsoðinn skráningarstuðning og síðan áfram eftir þörfum. Hefðbundið skráningarnámskeið verður líklega haldið í október hjá Landskerfi bókasafna.

4. Skráningarráð

Aðeins rætt um framtíð skráningarráðs, hvernig það á að vera skipað og hvert hlutverk þess er í nýju kerfi. Hugsanlega verður fræðslufundur skrásetjara haldinn í haust, t.d. í nóvember, það gæti verið vettvangur til að ræða framtíð skráningarráðs.

Næsti fundur áætlaður í byrjun október